

Ný bókfestukenning? Spjall um aðferðir

Fyrir nokkrum árum gaf Gunnar Karlsson út fyrsta bindið af handbók sinni í íslenskri miðaldasögu, *Inngang að miðöldum* (2007), hið ágætasta rit sem ætti að vera skyldulesning fyrir alla háskólanema í miðaldafræðum.

Eitt atriði í bók hans fékk mig til að staldra við og ég hef töluvert velt vöngum yfir því. Þar nefnir Gunnar í framhjáhlaupi viðhorf Sveinbjarnar Rafnssonar til heimildarýni, sem sé það að ritheimildir miðalda sé eingöngu hægt að skoða sem heimildir um þann tíma sem þær eru ritaðar á. Þar vísar Gunnar í doktorsritgerð Sveinbjarnar, *Studier i Landnámabók: Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia*, þar sem hann tekur til skoðunar ólíkar gerðir Landnámu með tilliti til þess hverjir settu þær saman. Þannig telur Sveinbjörn að Melabók endurspegli elstu gerð Landnámabókar þar sem hún er ekki *sögugerð*, eins og hann kemst að orði í síðari ritgerð sinni um efnið, líkt og Sturlubók og Hauksbók.¹ Rannsókn Sveinbjarnar, eins og nærri má geta, skoðar Landnámabók sem „heimild um það þjóðfélagsástand sem hún óx upp úr“, miklu fremur en sem heimild um landnámið, enda leggur Sveinbjörn „mikla áherzlu á að Frum-Landnáma hafi ekki verið sögulegt rit,“ svo vitnað sé til gagnrýni Jakobs Benediktssonar á ritgerð Sveinbjarnar, en líkt og Gunnari þótti honum Sveinbjörn „ganga fulllangt í því að afneita sögulegu heimildargildi hennar.“² Sveinbjörn neitar því raunar að hann geri það.³

Nú mun sitt sýnast hverjum um það og kann vel að vera að eitthvað í gagnrýninni megi til sanns vegar færa. Ef fræðimenn ein-

-
- 1 Sveinbjörn Rafnsson, *Studier i Landnámabók: Kritiska bidrag till den isländska fristatstidens historia* (Lundi: Gleerup 1974); Sveinbjörn Rafnsson, *Sögugerð Landnámabókar* (Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands 2001).
 - 2 Sjá Jakob Benediktsson, „Markmið Landnámabókar,“ *Skírnir* 148 (1974), bls. 207–215, einkum 212–213.
 - 3 Sveinbjörn Rafnsson, „Aðferðir og viðhorf í Landnámurannsóknum,“ *Skírnir* 150 (1976), bls. 213–238, einkum 232.

skorða sig við ritunartíma heimilda sinna geta þeir lent í klípu. Svo ströng heimildarýni myndi, svo dæmi sé nefnt, gera það að verkum að Íslendingabók yrði handónýt sem heimild um eldri tíma en 17. öldina þar sem hún er aðeins varðveitt í ungum eftirritum. Ennfremur er deginum ljósara að Íslendingabók verður ekki með góðu móti notuð sem frásagnarheimild um landnámið eða kristnitökuna; ein sér verður hún fyrst og fremst notuð sem leif um viðhorf höfundar hennar og heimildarmanna hans. Hið sama gildir um Landnámabók og aðrar heimildir sem miðaldafræðingar vinna með. Vitanlega kunna aðrar óháðar heimildir að staðfesta atriði sem nefnd eru í rituðum heimildum, svo sem fornleifar eða aðrar óháðar ritheimildir. Slíkar samanburðarrannsóknir eru afar gagnlegar og um það erum við Gunnar Karlsson sammála. En ritheimildir á borð við Íslendingabók og Landnámabók, eins og þær standa, eru ómetanlegur vitnisburður um hugmyndafræði ritunartíma þeirra. Um þann tíma eru þær óyggjandi heimildir en um fyrri tíma eru þær ekki jafn áreiðanlegar.

Jafnvel þótt vitað sé að Íslendingabók hafi verið rituð á 12. öld þá vitum við ekki hvaða unglegu áhrifum sú gerð hennar sem varðveitt er hefur orðið fyrir og í því liggur vandamálið. Um þetta vandamál eru fræðimenn meðvitaðir en þó hafa þeir getað fært fyrir því ýmsar röksemdir að unlegar heimildir á við Íslendingabók endurspegli eldri fornrit.⁴ Það gerir Sveinbjörn einnig þegar hann gerir ráð fyrir því að Melabók Landnámabókar endurspegli *Frum-Landnámu*, sem hann telur eldri en Íslendingabók,⁵ en eins og að framan er getið lítur hann þó ekki á hana sem sögulega heimild um landnámið. Gunnar Karlsson telur að svo ströng heimildarýni leiði fræðimenn í öngstræti. Viðhorf Sveinbjarnar nefnir hann „nokkurs konar ný-bókfestu.“⁶

4 Sjá t.d. Ólafu Einarsdóttur, *Studier i kronologisk metode i tidlig islandsk historieskrivning* (Lundi: CWK Gleerup 1964), bls. 37–38.

5 Sveinbjörn Rafnsson, *Studier i Landnámabók*, bls. 88–92. Sú tilgáta hefur reynst umdeild, sbr. Kristin Jóhannesson, „Sveinbjörn Rafnsson: Studier i Landnámabók,“ *Saga XIII* (1975), bls. 261–264.

6 Gunnar Karlsson, *Inngangur að miðöldum: Handbók í íslenski miðaldasögu I* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2007), bls. 40. Um þessi viðhorf Sveinbjarnar vísar Gunnar í rit hans *Studier i Landnámabók*, en sambærileg viðhorf má finna í nýlegri skrifum Sveinbjarnar, svo sem í grein hans „Um Hrafnkels sögu Freysgoða, heimild til íslenskrar sögu“, *Saga XXXIV* (1996), bls. 33–83, einkum bls. 33–34, sem Gunnar gagnrýnir einnig í riti sínu, jafnt fyrir aðferð og niðurstöðu, bls. 165.

Nú til dags vill líklega enginn fræðimaður vera orðaður við bókfestukenninguna gömlu, sem Gunnar gerir raunar ágæt skil í bók sinni (bls. 144-148),⁷ svo fyrstu viðbrögð mín við þessari hugtakasmíð voru vandlætting. Vissulega er þetta gömul umræða og skiljanlegt að Gunnar kjósi að eyða ekki of miklu rými í þrætuepli sem komin eru á fertugsaldurinn í kennslubók sem ætluð er háskólanemum á 21. öldinni. En umræðan er ekki aðeins gömul heldur sígild. Um efni hennar er ennþá deilt og sennilegt að svo verði áfram. Markmið mitt hér er hvorki að eiga orðaskipti við Gunnar eða Sveinbjörn um heimildargildi Landnámabókar né að færa fram nokkra eiginlega lausn á vandanum. Ég vil hins vegar árétta að sú aðferð að nálgast heimildir út frá ritunartíma þeirra er ekki ein og sér gagnrýnisverð afstaða í miðaldarannsóknum. Nemandi sem les bók Gunnars kynni að draga þá ályktun að sá sem geri slíkt sé of strangur. Þó að orð Gunnars eigi einkum við um Sveinbjörn Rafnsson virðist hæglega mega túlka þau almennt. Það að hann velji afstöðu Sveinbjarnar skammarheitið „nýbókfesta“ ýtir undir þann lesskilning að afstaða hans sé slæm og runnin undan gömlu bókfestunni. Enda virðist orðið „nýbókfesta“ kannski helst þannig til komið að það litla sem aðferð Sveinbjarnar á sameiginlegt með bókfestukenningu sé gert að höfuðatriði, sem sé það að hvorir tveggja eru algjörlega upp á hið ritaða orð komnir og leyfa sér því ekki neitt kukl við kenningar um munnlega geymd sagna. Slík afstaða þykir hin mesta synd nú á dögum og fáir sem þyrðu að gangast við henni.

Vissulega hefur Sveinbjörn á einum stað sagt að landnámstíminn „sem þannig var afmarkaður frá um 870 til 930, er skrifborðstilbúningur sem gerður var að söguskoðun,“⁸ og sennilega ættu fæstir hægt um vik að taka undir svo róttækt sjónarmið. Hér ræðst viðhorfið af spurningunni um uppruna textans, sem getur verið stórt þrætuefni í sagnfræði en kemur kannski minna við sögu bókmenntafræðilegra rannsókna sem vilja einblína á innihald textans. Þannig ræðst gildi gagnrýni Gunnars af fræðilegu samhengi. Það skiptir meira máli hver aðhyllist aðferðina en hver aðferðin er. Reyndin er aftur sú að ekki þarf allt að vera á sömu bókina lært í þessum efnum.

7 Sjá einnig Jón Hnefil Aðalsteinsson, „Íslenski skólinn“, *Skírnir* 165 (vor 1991), bls. 103–129.

8 Sveinbjörn Rafnsson, „Frá landnámstíma til nútíma“, *Skírnir* 162 (haust 1988), bls. 317–329, einkum bls. 319.

Þess misskilnings kynni nefnilega að gæta, færi maður of geyst af stað með hið nýja hugtak *nýbókfesta*, að sú afstaða, sem Gunnar nefnir svo, altént í almennum skilningi, hafnaði aðferðum og niðurstöðum rannsókna á munnlegri geymd og útbreiðslu sagna líkt og gamla bókfestan gerði. Þannig stæði nýbókfestan á móti því sem nefnt hefur verið nýsagnfestukenning annars vegar og mannfræðiskólinn, sem af henni er leidd, hins vegar. Ég sé ekki að sá skilningur þurfi að eiga við,⁹ enda er raunin sú að bókfestan var kenning um uppruna sagna en nýbókfestan er aðferð til að nálgast heimildir óháð mögulegum uppruna þeirra. Ef til vill er því rétt, þar sem ég er hallur undir hugarfars- og hugmyndasögurannsóknir sem einblína á samtíma varðveittra gerða miðaldertexta og þá hugmyndafræði sem þeim liggur að baki, að ég útskýri í sem fæstum orðum hvað felst í slíkri afstöðu til heimildanna, hvers konar niðurstaðna má vænta af þess háttar rannsóknum og í og með hvar misskilningskunni að gæta gagnvart takmörkum þessarar rannsóknaraðferðar.

Þótt mér þyki nafngiftin nýbókfesta óheppileg kemur mér engin betri til hugar. Mér er ljóst að með því að skrifa þetta greinarkorn mun mér sennilega ekki farnast betur en svo að festa það í sessi. Vonandi verður umræðan þó nafngiftarinnar virði. Það er í eðli góðra rita að vekja umræðu og umræðan um aðferðir í rannsóknum á miðaldabókmenntum er afar mikilvæg þótt hún sé sjaldtekin nema í pilluformi einu sinni á áratug, svo von mín er að umræðan sem hér fer á eftir megi verða til nokkurs gagns.

Sagnfesta og bókfesta

Fyrst er rétt að rekja örstutt sögu þeirra hugtaka sem um ræðir. Sagnfestukenninguna má rekja til norska fræðimannsins Rudolfs

9 Vera kann að þetta sé lýsandi fyrir viðhorf Sveinbjarnar Rafnssonar og að það sé það sem Gunnar vísar til. Um það skal ég ekki fullyrða. Mér þykir aftur á móti ekki rétt að gera slík viðhorf að helsta fulltrúa fyrir heimildarýni sem fjölmargir aðrir en Sveinbjörn aðhyllast. Svo allrar sanngirni sé gætt fær Jón Viðar Sigurðsson einnig sneið af sömu köku en óljóst er hvort fleirum er boðið í samkvæmið en þeim einum. Jón Viðar kennir Gunnar raunar við nýsagnfestu annars staðar í riti sínu (bls. 164) en mér er örðugt að koma þeirri þælingu heim og saman við þá hugmynd að Jón Viðar gangi lengra í nýbókfestunni en Sveinbjörn (sbr. bls. 40). Sennilega bendir það til þess að fræðimenn flokkist ekki jafnauðveldlega í skóla og stefnur og áður fyrr og væri það í samræmi við það sem reifað verður hér á eftir.

Keyser (1803–1864) en fyrstur til að skilgreina hugtökin *sagnfesta* (þ. Freiproza) og *bókfesta* (þ. Buchproza) varð þýski fræðimaðurinn Andreas Heusler (1865–1940) sem var ötull fylgismaður fyrrnefndu kenningarinnar. Hún fól í sér að miðaldasögurnar væru raunsannar frásagnir af raunverulegum atburðum sem hefðu varðveist nokkurn veginn óbrenslaðar frá orði til orðs í munnlegri geymd uns þær voru loks festar á bókfell. Þannig voru sögurnar taldar vera áreiðanlegar sagnfræðilegar heimildir um þá atburði sem þær lýsa, en sú ályktun leiðir raunar alls ekki af forsendunni.¹⁰ Það er ekki laust við að enn eimi eftir af slíkum lestri á sögunum, ekki síst meðal almennings sem vill sína Grettis sögu sanna og engar refjar, að minnsta kosti ef frá eru talin tröllin.¹¹

Bókfestukenninguna má rekja aftur til Konrads Maurer (1823–1902) en helstu forvígismenn hennar á Íslandi voru Björn M. Ólsen (1850–1919), Sigurður Nordal (1886–1974) og Einar Ól. Sveinsson (1899–1984), sem einnig hafa verið kenndir við hinn svonefnda Íslenska skóla sem leiddi beint af bókfestukenningunni. Af yngri og róttækari kynslóð bókfestumanna má nefna Hermann Pálsson (1921–2002). Ólíkt sagnfestunni reiknaði bókfestukenningin með því að sögurnar væru skáldverk einstakra höfunda sem frumsamin væru af (mis)miklu listfengi, líkt og þegar nútímahöfundur ritar skáldsögu. Þar sem þær væru ekki nema að litlu leyti byggðar á arfsögnum, að talið var, væri ekki hægt að ganga að því vísu að nokkuð satt væri í sögunum. Segja má að vinsældir bókfestukenningarinnar hafi haldist nokkurn veginn frá 1940 til um 1970. Hún skilaði sér þó seint til sagnfræðinga en hafði þá þau áhrif að sögurnar urðu ótækar sem sagnfræðilegar heimildir. Gunnar Karlsson bendir á, í bók sinni, að þær hefðu eftir sem áður getað nýst sagnfræðingum sem heimildir hefðu þeir aðeins kunnað að nota þær sem leifar.¹² Um það snýst raunar nýbókfestan eins og nánar verður rætt hér á eftir.

10 Frásögn sem hefði varðveist óbrensluð í 300 ár geymdi eftir sem áður eina hlið flókens veruleika og hún væri því varasöm sem sagnfræðileg heimild um annað en það sem ekki er hægt að deila um.

11 Sagnfestumönnum var töluvert í nöp við hvers kyns handanheimsverur og yfirnáttúruleg fyrirbrigði í textunum, líkt og Gunnar bendir á í bók sinni. Þannig sleppti Bogi Melsteð til dæmis Fróðárundrum úr greiningu sinni á Eyrbyggja sögu. Sjá Gunnar Karlsson, *Inngangur að miðöldum*, bls. 143.

12 Gunnar Karlsson, *Inngangur að miðöldum*, bls. 146.

Báðar þessar kenningar eru nú ótvírætt gjaldþrota í sinni öfga-kenndustu mynd og hafa óspart verið gagnrýndar, enda þykir sýnt að uppruni miðaldasagnanna sé töluvert flóknari en þessar kenningar gáfu til kynna. Í lok sjöunda áratugarins lét ný stefna á sér kræla. Hún hefur síðan verið nefnd *nýsagnfesta* og stundum verið rakin til bandaríska fræðimannsins Theodore M. Andersson (f. 1934), en af íslenskum nýsagnfestumönnum mætti helstan nefna Óskar Halldórsson (1921–1983). Nýsagnfestan sýndi fram á, þvert á kreddu Íslenska skólans, að efniviður sagnanna hefði að töluverðu leyti varðveist í munnlegri geymd þó að sögurnar hefðu ekki endilega varðveist heilar, eins og gamla sagnfestan hafði haldið fram, og höfundar hefðu haft frelsi til að breyta þeim eftir hentugleika. Þannig viðurkennir nýsagnfestan að hvorir tveggja, sagn- og bókfestumenn, hafi haft sitt hvað til síns máls. Í kjölfarið hefur svo komið fram á sjónarsviðið svonefndur *mannfræðiskóli* sem mjög er við lýði í miðaldafræðum um þessar mundir en einkum innan þjóðfræðinnar og stundum er hann kenndur við hana. Hann styðst við fjölþættara samanburðarefni en nýsagnfestan og fæst einkum við samfélagið sem textarnir spretta úr. Upphaf mannfræðiskólans er stundum rakið til Mikhaíls Steblín-Kamenskíj (1903–1981) og Arons Gurevítsj (1924–2006) en nýlegt dæmi um slíka rannsókn er doktorsritgerð Gísla Sigurðssonar (f. 1959), *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar*, þar sem hann styðst við kenningar bandarísku mannfræðinganna Milmans Parry (1902–1935) og Alberts Lord (1912–1991) um munnlega sögukvæðahefð sem birtist í bók þess síðarnefnda, *The Singer of Tales* frá 1960.¹³

Erfitt er sökum nálægðar að rekja hvort nokkur kenning sé ráðandi í samtímarannsóknum í norrænum miðaldafræðum þó að mannfræðiskólinn og hin svonefnda nýja textafræði¹⁴ séu áberandi um þessar mundir. Aftur á móti hefur rík áhersla verið lögð á þverfagleg vinnubrögð og samtal milli ólíkra fræðahefða og aðferða. Oft virðist í fræðalandslagi samtímans sem afstaða til heimildarýni sé persónubundin, fremur en að hún fylgi tilteknum skóla að máli, og þá gera fræðimenn sérstaka grein fyrir því hvernig þeir nálgast

13 Gísli Sigurðsson, *Túlkun Íslendingasagna í ljósi munnlegrar hefðar: Tilgáta um aðferð* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 2002), bls. 39–53.

14 Um hana sjá Sverri Tómasson, „Er nýja textafræðin ný? Þankar um gamla fræðigrein“, *Gripla XIII* (2002), bls. 199–216.

heimildirnar.¹⁵ Það skýtur því skökku við, miðað við gang mála í fræðunum, að tiltekin afstaða til heimildarýni sé tekin út fyrir sviga og uppnefnd eftir löngu gjaldþrota rannsóknarstefnu, þess þá heldur ef hún er eingöngu höfð fyrir strámann til að gagnrýna einn tiltekinn fræðimann. Þó að gagnrýnin beinist helst að einum manni er ekki nema eðlilegt að öðrum þyki að sér vegið í leiðinni og það er í því ljósi sem mér finnst rétt að víkja nokkrum orðum að svonefndri nýbókfestu.

Hvað er nýbókfestu?

Því verður ekki neitað að mannfræðiskólinn í norrænum fræðum hefur verið mikil innspýting í rannsóknir á miðaldabókmenntum og fengið fræðimenn til að hugsa hlutina upp á nýtt. Nýbókfestu, sem gerir ráð fyrir munnlegri varðveislu sagna og kvæða engu síður en aðrir viðurkenndir skólar í norrænum fræðum, er skóli af öðrum toga sem mun leiða af sér ólíkar en vonandi jafn frjóar rannsóknir. Í grundvallaratriðum gengur kenningin út á að ritaðar heimildir séu skoðaðar sem leifar þess tíma sem þær eru ritaðar á (um leifar fjallar Gunnar sjálfur á bls. 74). Heimildirnar veita þannig fyrst og fremst innsýn í hugarheim þeirra sem festu þær á bókfell. Nýbókfestu er því kjörin aðferð við hugarfars- og hugmyndasögurannsóknir.

Eftirlætisdæmi mitt um hvernig þessi aðferð virkar er varðveisla Völuspár. Ýmsir fræðimenn, til dæmis Sigurður Nordal, hafa talið kvæðið samið um eða eftir árið 1000¹⁶ en aðrir telja það enn eldra; jafnvel hefur verið reynt að aldursgreina það með hæpnum rit-tengslum við dróttkvæði sem sjálf eru aðeins varðveitt í unglegum heimildum.¹⁷ Varðveisla Völuspár flækir málin nefnilega þó nokkuð, óháð því hvort við teljum að festa megi *terminus ante quem* við Þorfinnsdrápu eftir Arnór jarlaskáld, sem Einar Ól. Sveinsson og ýmsir aðrir hafa talið að standi í beinum textatengslum við Völu-

15 Til dæmis gerir William Ian Miller heimildarýni sinni ítarleg skil í riti sínu *Bloodtaking and Peacemaking: Feud, Law, and Society in Saga Iceland* (Chicago: University of Chicago Press 1990), bls. 43–76.

16 Sigurður Nordal, „Völuspá“, *Fornar menntir III* (Kópavogi: Almenna bókafélagið 1993), bls. 172–176.

17 Einar Ól. Sveinsson, *Íslenzkar bókmenntir í fornöld*, (Reykjavík: Almenna bókafélagið 1962), bls. 327. Einar Ólafur segir að textasamanburður sinn sé „hlutlæg rök“ fyrir aldri Völuspár, en ekki verður annað sagt en að hringrök hans í aldursgreiningu séu ívið huglægari en hann vill vera láta.

spá.¹⁸ Elsta heildargerð Völuspár, ef hægt er að fullyrða um hvað sé heild og hvað sé stytt eða brotið, er varðveitt í Konungsbók eddukvæða sem talin er vera frá því um 1270 eða þar um bil. Ýmis erindi Völuspár, sem ekki eru fengin úr sömu gerð kvæðisins og birtist í Konungsbók, er að finna í handritum Eddu Snorra Sturlusonar, sem elst eru frá um 1300. Aðra „heildargerð“ kvæðisins, um margt ólíka Konungsbók, er að finna í Hauksbók sem rituð var af Hauki Er-lendssyni lögmanni, eða að hans beiðni hið minnsta, um 1302–1310 samkvæmt aldursgreiningu Stefáns Karlssonar.¹⁹ Þar með er það nokkurn veginn upptalið og nú sést að engin varðveitt gerð Völuspár er til frá þeim tíma sem talið er að hún hafi verið samin. Þá Völuspá eigum við einfaldlega ekki til og hana hefur engin núlifandi manneskja lesið. Það sem við eigum eru ósamstæð brot úr kvæði sem skrásett voru um 300 árum eftir kristnitöku. Samkvæmt aðferð nýbókfestunnar er því innantómt tal að ætla sér að nota þetta kvæði sem heimild um fornan heiðinn átrúnað.

Hér er mikilvægt að taka fram að það þýðir ekki, eins og mér virðist Gunnar Karlsson gefa í skyn, að allir þeir sem aðhyllast mjög gagnrýna afstöðu til heimildanna eða svonefnda nýbókfestu hafni þar með öllum þeim kenningum og aðferðum sem vilja leitast við að skyggjast lengra aftur í fortíðina en varðveislutími handrita einn sér leyfir. Fræðimenn sem aðhyllast aðra nálgun að heimildunum hafa vissulega leiðir til að aldursgreina kvæði óháð varðveislu. Til dæmis má styðjast við sögulega hljóðkerfisfræði og bragreglur. Það þýðir eingöngu að þeir sem starfa innan nýbókfestuhefðarinnar, ef svo mætti kalla, eða styðjast við kenningu hennar við þær rannsóknir þar sem hún þykir henta, beita ekki slíkum aðferðum og kenning-

18 Sbr. nmgr. 15. Með *terminus ante quem* er átt við að þann tíma sem verk var sannanlega samið fyrir, svarandi til *terminus post quem* sem á við þann tíma sem verk er sannanlega samið eftir. Helstu heimildir sem varðveita Þorfinnsdrápu eru Orkneyinga saga (sem utan Flateyjarbókar er varðveitt í brotum frá um 1275–1325) og Flateyjarbók (um 1394), sbr. *Orkneyinga saga*. Útg. Finnboi Guðmundsson. Íslenzk fornrit 34 (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag 1980), bls. cviii–cix. Stífustu fylgismenn svonefndrar nýbókfestu gætu þannig sagt að varðveislutími textanna endurspegli ekki mat fræðimanna á aldri þeirra, en að Konungsbók eddukvæða hafi vissulega *terminus ante quem* á undan varðveittum gerðum Þorfinnsdrápu.

19 Stefán Karlsson, „Aldur Hauksbókar“, *Stafkrókar: ritgerðir eftir Stefán Karlsson gefnar út í tilefni sjötugsafmælis hans 2. desember 1998*. Ritstj. Guðvarður Már Gunnlaugsson (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi 2000), bls. 303–309.

um. Þó að ég noti Völuspá sem heimild um hugarfarar kristinna höfðingja eða klerka á síðmiðöldum þá er ég vitaskuld ekki mótfallinn því þó að kollegar mínir, til dæmis Gísli Sigurðsson eða Mathias Nordvig,²⁰ noti kvæðið á allt annan hátt en ég geri. Við erum einfaldlega ekki að rannsaka sömu hlutina þó að heimildirnar séu þær sömu. Styrkur norrænna fræða liggur enda í breidd þeirra en ekki í lengd einnar örþunnrar kenningar.

Gunnar gefur sér að það sé út í hött að nálgast Íslendingabók út frá þessum forsendum því þá þurfi að tímasetja hana til 17. aldar. Sé hann aftur á móti „sannfærður um að texti sé varðveittur óbreyttur, að því leyti sem skiptir máli um merkingu, frá eldri tíma en elstu handrit, þá tímaset ég hann til þessa eldri tíma.“²¹ Þetta gerir Sveinbjörn raunar einnig í doktorsritgerð sinni: tímasetur Íslendingabók samkvæmt hefðinni til öndverðrar 12. aldar.²² Ágreiningur Gunnars og Sveinbjarnar liggur þá einna helst í greiningu textans fremur en þeirri aðferð að miða við ritunartíma hans.

Vissulega er Íslendingabók 17. aldar rit í varðveittri gerð, um það verður tæpast deilt. Aftur á móti er svo títt vitnað til Íslendingabókar og höfundar hennar að hafið er yfir allan skynsamlegan vafa að hún hafi verið rituð á árabílinu 1120–1140 af Ara fróða Þorgilssyni lögsögumanni. Sú bók var til og hún virðist hafa verið útbreidd eða í það minnsta vel þekkt. Því miður endurspeglast sú útbreiðsla ekki í varðveittum miðaldahandritum. Elsta heillega gerð Íslendingabókar er, sem áður segir, frá 17. öld. Aftur á móti er ýmislegt sem bendir sterklega til þess að það handrit sé afrit af töluvert fornri gerð Íslendingabókar.²³ Með öllum varnöglum slegnum við notkun Íslendingabókar sem heimildar um fyrri aldir þá er samt sem áður vel hægt að nota hana. Það verður bara ekki gert án ábyrgðar þar sem sumar niðurstöður kynnu að vera skekktar af unglegum áhrifum og viðhorfum höfundar hennar, og svonefndir nýbókfestumenn sem eru samkvæmir sjálfum sér munu ætíð nálgast hana með það í

20 Gísli Sigurðsson, *Leiftur á horfinni öld: Hvað er merkilegt við íslenskar fornbókmenntir?* (Reykjavík: Mál og menning 2013); Mathias Nordvig, *Of Fire and Water: The Old Norse Mythical Worldview in an Eco-Mythological Perspective*. Doktorsritgerð frá Aarhus Universitet 2014.

21 Gunnar Karlsson, *Imngangur að miðöldum*, bls. 101.

22 Sveinbjörn Rafnsson, *Studier i Landnámabók*, bls. 88–92.

23 *Íslendingabók | Landnámabók*. Útg. Jakob Benediktsson. Íslenzk fornrit 1 (Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag), bls. viii–xx og xlv–xlvii. Sjá einnig nmgr. 4.

huga að varðveislutími Íslendingabókar endurspeglar ekki ritunartímann. Róttækari er þessi heimildarýni ekki og ég get ekki hugsað mér sjálfsgaðari fyrirvara við meðhöndlun jafn flókinna heimilda og Íslendingabókar.²⁴

En það er auðvitað ekki sama hvernig við notum heimildirnar. Heimildir á við Íslendingabók eða Íslendingasögur er ekki hægt að nota sem leifar á sama hátt og til dæmis skjöl þar sem þær endurspeгла alltaf túlkun höfundar á atburðum og hún inniheldur í senn hugmyndafræði hans, skoðanir og jafnvel tilbúning hans eða rangfærslur.²⁵ Einmitt fyrir þær sakir er það sem Gunnar nefnir nýbókfestu í raun og veru í samræmi við hefðbundna heimildarýni vestrænna miðaldasagnfræðinga, og mætti þar til að mynda taka þýska sagnfræðinginn Walter Goffart (f. 1934) sem dæmi. Það er vissulega hefð fyrir því á Íslandi að nota frásagnir sem leifar um annað en viðhorf höfundar. Svo sama dæmi sé viðhaldið er enn hangið á Íslendingabók sem heimild um landnám fremur en um Ara fróða, en það er sagnfræði sem tíðkast óvíða annars staðar en á Íslandi. Engum öðrum en Íslendingum kæmi til hugar að líta á Íslendingabók eða Landnámabók sem heimildir um hið sögulega landnám Íslands.²⁶ Við getum ekki tínt úr þeim einhver atvik eða staðreyndir um það hvernig landnámið raunverulega átti sér stað. Aftur á móti eru Íslendingabók og Landnáma ótvíræður vitnisburður um hugmyndir og viðhorf höfunda sinna til landnámsins. Þær rekja ekki

24 Um þetta segir Sveinbjörn Rafnsson: „Þegar bent er á að heimildin er skráð meira en hundrað árum síðar en atburðir þeir sem hún greinir frá að eigi að hafa gerst verður ljóst að heimildin stenst ekki gagnrýniskröfur um ritunartíma sem næst atburðunum, gleymaska og gáleysi geta þar leikið lausum hala, að ekki sé minnst á ómeðvitaðar tillhneigingar, meðvitaðan áróður og lærðan tilbúning. En hvernig sem þessu er farið er ljóst að Íslendingabók er beinn vitnisburður um þær hugmyndir sem Ari Þorgilsson, og væntanlega Teitur Ísleifsson, gerðu sér eða vildu gera sér um kristnitökuna. Í þeirri merkingu verður Íslendingabók ekki flokkuð sem frásagnarheimild, hún verður óbyggjandi sögulegur vitnisburður um hugmyndir sagnaritara í upphafi tólftu aldar um kristnitökuna.“ Sjá Sveinbjörn Rafnsson, „Um kristnitökufrásögn Ara prests Þorgilssonar“, *Skírnir* 153 (1979), bls. 167.

25 Ekki svo að skilja að jafnvel formlegustu skjöl geri það ekki líka, en þau gera það ekki í jafn afdrifaríkum mæli og þegar sögulegir atburðir eru túlkaðir og söguskoðun er mótuð.

26 Um þetta hélt Ármann Jakobsson áhugavert erindi hjá Miðaldastofu, „Sannleikurinn er ekki í bókum: Landnámabók og landnám Íslands“, þann 30. apríl 2015.

stofnsögu Íslands heldur það sem kallað er í fræðunum *stofngöðsögn* (e. *foundation myth*). Fyrir vikið er almennt ekki gert ráð fyrir öðru í fræðunum en að þær séu lærður tilbúningur höfunda sem vildu koma einhverju á framfæri við samtíma sinn.²⁷ Þetta er grundvöllurinn í kenningu Sveinbjarnar. Nýbókfestan er þannig ekki einhver skopleg þvermóðska í fáeinum íslenskum sagnfræðingum heldur meginstefna í heimildarýni vestrænnar miðaldasagnfræði. Líkt og áður segir kann vel að vera að kenning Sveinbjarnar Rafnssonar þyki enn, liðlega fjörutú árum síðar, helst til einstrengingsleg. Um það skal ég ekki segja. Orðalag Gunnars vekur aftur á móti þá kennd að fyrstur hafi Sveinbjörn komið fram með sína nýbókfestu og síðar hafi fleiri bæst í hópinn og einna lengst þeirra hafi gengið Jón Viðar Sigurðsson. Síður en svo hyggst ég ætla Gunnari það að hafa vísvitandi alhæft um mengið út frá tveim stökum, en með orðalagi sínu selur hann engu að síður undir sömu sök alla þá sem með einu móti eða öðru gætu talist nýbókfestumenn. Árétting mín hér er spröttin af því að ég tel að það yrði hættulegt fyrir fræðin ef gagnrýni Gunnars á Sveinbjörn og Jón Viðar yrði lesin sem sú alhæfing sem hún virðist vera.²⁸

Þeir fræðimenn sem vilja lesa texta sem heimildir um eldri tímabil í sögunni en varðveisla þeirra nær til taka þá áhættu að alhæfa hugmyndir út frá röngum forsendum. Það gera vitaskuld allir mið-

27 Sjá John Lindow, „Íslendingabók and Myth“, *Scandinavian Studies* 69, nr. 4 (1997), bls. 454–464, og Pernille Hermann, „Íslendingabók and History“, *Reflections on Old Norse Myths*. Ritstj. Pernille Hermann, Jens Peter Schjødt og Rasmus Tranum Kristensen (Turnhout: Brepols 2007), bls. 17–32.

28 Í því sambandi má minna á orð Jónasar Kristjánssonar: „Í stað þess að líta á Íslendingasögur sem heimildir um söguöldina hafa menn í vaxandi mæli farið að líta á þær sem endurspeglun frá umhverfi höfundanna, íslenzku þjóðfélagi á þrettánda og fjórtánda öld. Sumir vilja hinsvegar skoða þær sem skilgetið afkvæmi evrópskrar miðaldamenningar, jafnvel að þær séu ritaðar til að flytja ákveðnar kristilegar hugmyndir og siðaboð. Og loks koma svo bókmenntafræðingar og ritskýrendur sem vilja eingöngu meta sögurnar sem bókmenntaleg listaverk, með nokkurri gát á menningarstraumum ritunartímans. Allir kunna þessir menn að hafa nokkuð til síns máls. En þeir sem líta á sögurnar einstrengingslega frá einhverju þessara sjónarmiða eru á villigötum, ekki síður en hinir sem trúa sögunum í blindni.“ Sjá Jónas Kristjánsson, „Íslendingasögur“, *Saga Íslands* 3 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag 1978), bls. 272–273. Kannski er það skoðun sumra að orð Jónasar hitti Sveinbjörn helst fyrir og það hafi verið megininntakið í gagnrýni Gunnars. Það er þó ekki augljóst að svo sé, svo rétt er að viðhafa þessa áréttingu.

aldafræðingar upp að vissu marki; við vinnum öll að því að endurgera löngu horfna fortíð. En svo dæmi sé nefnt þurfa þeir sem rannsaka heiðinn átrúnað norrænna manna að vera, og það eru þeir undantekningalítið, sérstaklega meðvitaðir um það hversu vandasarar heimildir þeirra eru í notkun. Þeir sem takmarka sig við ritunartíma heimildanna glata vissulega tækifærinu til að róa á þær dýptir sem aðrar aðferðir bjóða upp á, en að sama skapi eru heimildirnar óyggjandi vitnisburður síns ritunartíma og sinna höfunda. Um það heimildargildi þeirra er einfaldlega ekki hægt að efast því þá væri botninn alveg farinn úr tunnunni. Í þessu tilliti mætti ef til vill kalla nýbókfestu *lágmarksnálgun* að heimildunum: við getum að minnsta kosti fullyrft þetta og hitt út frá ritunartíma og viðhorfum þess tíma. Það þarf þó ekki að líta svo á að lengra nái hún ekki.

Hvernig nýtist nýbókfestu?

Þó að Gunnar dragi Sveinbjörn Rafnsson sérstaklega út fyrir sviga sem nýbókfestumann þá eru fjöldamargir aðrir fræðimenn sem hafa starfað á grundvelli álíka gagnrýninnar afstöðu til heimilda. Það hlýtur til dæmis að vera frumforsenda allra hugarfarssögurannsóknna að halda sig við svonefnda nýbókfestu enda væri hættulegt að ætla að alhæfa anakrónískt um hugmyndastrauma. Mér finnst freistandi að tiltaka Sverri Jakobsson, sem Gunnar nefnir lærisvein Helga Þorlákssonar en bendlar ekki við nýbókfestu,²⁹ og rannsókn hans á heimsmýnd Íslendinga 1100–1400 sem dæmi.³⁰ Ég fæ ekki betur séð en sú heimildarýni sem hann iðkar þar á hugmyndasögulegum forsendum sé að miklu leyti í samræmi við aðferð nýbókfestunnar. Sverrir fullyrðir ekki um önnur tímabil en þau sem ritheimildir heimila, samanber þau tímamörk sem hann gefur sér. Er það ekki enda grunnforsenda sem sagnfræðingar ættu að tileinka sér, að meta heimildir einatt í réttu samhengi tíðarandans?

Það sem af orðum Gunnars mætti telja til nýbókfestu getur verið æði fjölbreytilegt. Doktorsrannsókn Torfa H. Tuliniusar fjallar um

29 Gunnar Karlsson, *Inngangur að miðöldum*, bls. 41.

30 Sverrir Jakobsson, *Við og veröldin: Heimsmýnd Íslendinga 1100–1400* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2005). Gunnar var raunar andmælandi við doktorsvörn Sverris en fann ekki að heimildarýni hans við það tækifæri (enda ekkert að henni að finna). Sjá Gunnar Karlsson, „Af Sverris sögu víðförla“, *Saga XLIII* (2005), bls. 193–206.

fornaldarsögur Norðurlanda og hvernig þræðir í þeim endurspegla ritunartíma sagnanna.³¹ Þótt Torfi sé ekki svo strangur að miða ein-göngu við varðveislutíma heimilda sinna, þá færir hann rök fyrir rit-unartímanum og miðar rannsóknina við hann. Ármann Jakobsson hefur tíðum viljað greina bókmenntirnar án þess að það endilega skipti máli hvernig þær tengdust innbyrðis. Þannig sagði Theodore M. Andersson um bók hans *Í leit að konungi* að einhverjir fræðimenn kynnu að andmæla því þegar Ármann til dæmis greindi atriði í Morkinskinnu sem sennilegast hafi verið tekið inn í ritið upp úr Ágripi.³² Í nefndu riti greindi Ármann konungasögur út frá innihaldi þeirra og hugmyndafræði þess tíma er þær voru samdar og hið sama er uppi á teningnum í bók hans *Staður í nýjum heimi*, sem er ítarleg greining á Morkinskinnu einnig.³³ Einnig mætti nefna bók Patriciu Pires Boulhosa um Íslendinga og Noregskonunga þar sem hún gagnrýnir harðlega eldri kynslóðir sagnfræðinga sem hafa miðað allt út frá Snorra Sturlusyni. Ekki einasta efast hún um að hann hafi samið Heimskringlu heldur er ein helsta niðurstaða rann-sóknar hennar sú að Gamli sáttmáli sé síðari tíma tilbúningur, nánar tiltekið frá 15. öld eða tíma elstu varðveittra gerða hans.³⁴ Rannsókn Patriciu Boulhosa mætti einnig halda fram að heyrði undir nýbók-festu. Svona mætti áfram telja. Allar þessar rannsóknir hafa vakið töluverða athygli og þykir engum mér vitandi að þessir fræðimenn séu komnir út í ógöngur í rannsóknnum sínum. Enda er það ekki aðferðin sem slík sem er vandamálið.

Nýbókfestu er ekki sérstakur skóli í fræðunum heldur ákveðin gagnrýnin afstaða til heimilda og gildis þeirra sem heimilda. Ég hef kallað hana *afstöðu* hér eða *aðferð* og tel að það sé nokkuð nákvæm lýsing. Þannig skilur nýbókfestu sig frá sagnfestu og bókfestu að hún er ekki kreddufull afstaða sem leitar einnar leiðar eftir einni kenningu. Ef þessi þráður sem sameinar ofangreinda fræðimenn reynist nógu sterkur gæti *nýbókfestu* að vísu reynst gagnlegt hugtak

31 Torfi H. Tulinius, *The Matter of the North* (Óðinsvéum: Odense University Press 2002), bls. 44–69.

32 Theodore M. Andersson, „Í leit að konungi: Konungsmynd íslenskra konungasagna,“ *JEGP* 98:2 (1999), bls. 281–283.

33 Sjá Ármann Jakobsson, *Í leit að konungi: Konungsmynd íslenskra konungasagna* (Reykjavík: Háskólaútgáfan) 1997; Ármann Jakobsson, *Staður í nýjum heimi: Konungasagan Morkinskinna* (Reykjavík: Háskólaútgáfan 2002).

34 Patricia Pires Boulhosa, *Icelanders and the Kings of Norway: Mediaeval Sagas and Legal Texts* (Leiden, Boston: Brill 2005), bls. 33, 38–39 og 210–213.

til að lýsa viðhorfi þeirra til heimilda sinna, en hætt er við að einhverjum þætti hugtakið ekki nógu lýsandi fyrir afstöðu sína. Sjálfur skal ég hins vegar gangast við því. Þessi aðferð tekur mið af öllum kenningum en velur þá leið sem áreiðanlegust er miðað við tilteknar forsendur. Hún er kjörin leið til rannsóknar á ritöld Íslendinga á miðöldum. Þess vegna set ég spurningarmerki við að Gunnar Karlsson kenni rannsóknaraðferð Sveinbjarnar Rafnssonar við nýbókfestu, enda er ekkert í henni sem bendlar hana sérstaklega við gömlu bókfestukenninguna annað en það að Sveinbjörn hefur fyrst og síðast áhuga á ritheimildum. Til rannsókna á söguöld á Íslandi, sem eins mætti nefna forsögulegan tíma þar sem engar ritaðar heimildir eru til frá þeim tíma, höfum við því miður engin sambærileg tæki jafnáreiðanleg og nýbókfestu. Þar verður að taka annars konar áhættu.

Helsta hættan við nýbókfestu er að fræðimaðurinn tileinki tíðaranda ritunartímans einhver atriði sem í raun og veru eiga sér fornar rætur og endurspegla allt annað samfélag en það sem liggur til grundvallar rannsókninni, að hann telji tiltekin atriði í textanum vera ungleg þegar þau í raun eru forn. Ég tel þó að hverfandi líkur séu á því að þetta gerist. Í fyrsta lagi búum við þegar við mikinn grunn þverfaglegra rannsókna í miðaldafræðum sem hverjum fræðimanni er ljúft og skylt að kynna sér til hlítar áður en hann dregur sínar ályktanir. Enda er nýbókfesta ekki lokuð kenning sem fyrr segir heldur galopin, þótt gagnrýnin sé. Í öðru lagi benda flestar rannsóknir til þess að það samfélag sem bókmenntirnar endurspeglir sé einnig það samfélag sem ritara bókmenntanna sjálfir þekktu; sú heimsmynd sem í þeim birtist er ekki heimsmynd sögualdar, vikinga eða heiðinna goðadýrkenda heldur kristinna lærdómsmanna sem festa vildu Íslandssöguna í samhengi sögu veraldarinnar allrar, í samhengi þeirrar krónólógíu og týpólógíu sem kristin heimsmynd markaði þeim. Einmitt fyrir þær sakir er svonefnd nýbókfesta regla í heimildarýni miðaldafræðinga en ekki undantekning.

Rannsóknir á norrænum miðaldabókmenntum hafa kannski um of beinst að áreiðanleika heimilda, „sagnfræðileika“ eða sanngildi þeirrar sögu sem þær segja og rótum sögunnar allt aftur í forneskju, fremur en að gildi þeirra sem bókmenntaverka og þýðing þeirra fyrir síðmiðaldir hafi verið skoðuð með viðhlítandi hætti. Mér finnst stundum gleymast að skoða innihaldið af því pakinn er svo fallegur og það þarf að geyma pappírinn fyrir næstu jól; sannleiksgildi Landnámu, svo dæmi sé tekið, er látið skipta meira máli en ástæður

Þess að hún er skrifuð og það samhengi sem hún er skrifuð inn í. Doktorsritgerð Sveinbjarnar Rafnssonar er róttæk tilraun til að skoða hana einmitt í hinu síðarnefnda ljósi og sem slík er hún frumkvöðlaverk. Hann skoðar Landnámabók eina og sér og út frá hugmyndafræði skrifara hennar. Nú á dögum telst það ekki sérstaklega róttækt enda fer sambærilegum rannsóknum fjölgandi.

Engin leið önnur en nýbókfestan er að mínu viti jafn handhæg til að komast nær þankagangi þeirra sem skrásettu bókmenntirnar, komast að því af hverju þeir gerðu það, og til að greina innihald þeirra í samhengi við þá hugmyndastrauma sem sannanlega bárust kröftuglega til Íslands úr Vestur-Evrópu. Það er nær alveg eftir að túlka bókmenntirnar í þessu ljósi — og það er í raun algjörlega fráleitt, ætli maður sér á annað borð að stunda rannsóknir á þeim textum sem varðveittir eru, að fullyrða nokkuð umfram það sem varðveitt er í handriti. Sértækra rannsókna er þörf ekki síður en altækra. Og mér virðist ekki vanþörf á nú þegar fræðin vilja helst elta þá tískustrauma sem mest selja; slagorðin eru *vikings, the sagas, the eddas*. Í stað þess að gefa okkur ætíð sömu forsendurnar getur verið gagnlegt að hugleiða óhefðbundnar leiðir, til að sjá hvað er í pakkanum sem hefur legið nær óhreyfður úti í horni síðan á fyrstu jólum Heuslers. Kristnir menn í kristnu landi, sem þiggja allan sinn lærdóm frá kristinni kirkju, rita kristnar bókmenntir. Þetta ætti að heita sjálfgefin staðreynd og engin betri leið er til að greina slíka hugmyndastrauma í bókmenntunum en nýbókfestan.